

SAMNINGUR UM VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐ VIÐ ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐINN

samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Rétthafi: _____ Kt.: _____
Heimilisfang: _____ Pnr.: _____ Staður: _____
Sími: _____ Netfang: _____
Launagreiðandi: _____ Kt.: _____
Netfang launagreiðanda: _____

Undirrituð/aður, hér nefndur rétthafi, og Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549, gera með sér eftirfarandi samning um reglulegt innlegg í séreignarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins. Almenni lífeyrissjóðurinn er í samningi þessum nefndur vörsluaðili.

Rétthafi skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega inn á séreignarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins sem hér segir:

% af heildarfrjárhæð greiddra launa.

Vörsluaðili sendir launagreiðanda og rétthafa undirritað afrit af samningi um lífeyrissparnað. Greiðslur iðgjalda skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun sammingsins. Inneign rétthafa skal ávöxtuð samkvæmt þeirri ávöxtunarleidd sem kemur fram í samningi þessum. Um iðgjaldið, réttindi rétthafa og útborgun inneignar gilda samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins (sjá á bls. 2). Um ávöxtun iðgjalda hjá Almenna lífeyrissjóðnum gilda ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Upplýsingablað til nýrra sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins sem inniheldur upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast með greiðslu iðgjalda til sjóðsins ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins fylgir samningi þessum (sjá á bls. 3). Með undirritun sinni staðfestir rétthafi að hann hafi kynnt sér efni þess.

Vörsluaðila ber að ávaxta greitt iðgjald samkvæmt samningi frá greiðsludegi. Berist skilagrein frá launagreiðanda síðar en iðgjöld er vörsluaðila skylt að reikna vexti frá þeim degi er skilagrein berst í samræmi við þá ávöxtunarleidd sem rétthafi velur, enda geti vörsluaðili ekki áður sérgreint fé rétthafa sem launagreiðandi greiðir iðgjald fyrir. Fram að þeim tíma skal iðgjald bera sömu vexti og iðgjaldareikningur Almenna lífeyrissjóðsins.

Ábyrgð á skilum launagreiðanda á afdregnum iðgjöldum lífeyrissparnaðar er hjá rétthafa. Óski rétthafi eftir aðstoð vörsluaðila við innheimtu vangoldinna iðgjalda skal tilkynning þess efnis berast með skriflegum hætti til vörsluaðila ásamt launaseðlum sem sýna afdregin iðgjöld. Við gjaldþrot launagreiðanda ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa kröfu vörsluaðila um vangoldin iðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. III. kafla reglugerðar nr. 462/2003, um Ábyrgðarsjóð launa.

Rétthafi getur valið eina ávöxtunarleidd. Rétthafi getur valið á milli eftirtalinnna ávöxtunarleidda en ef engin ávöxtunarleidd er valin eru viðbótar-iðgjöldin greidd í Almenna lífeyrissjóðinn og ávöxtuð samkvæmt Ævileiddinni.

Fjárfestingarstefna 2025	Innlán	Innlend skuldabréf *	Erlend skuldabréf *	Innlend hlutabréf *	Erlend hlutabréf *	Aldur í Ævileidd
<input type="checkbox"/> Ávöxtunarleiddir						
<input type="checkbox"/> Ævileiddin	Iðgjald færast á milli Ævisafna I - III eftir aldr. Inneign flyst á 3 árum frá því að byrjað er að greiða í nýtt safn					
<input type="checkbox"/> Ævisafn I	0,5%	25,5%	4,0%	15,0%	55%	44 ára og yngri
<input type="checkbox"/> Ævisafn II	1%		6,0%	12,0%	43%	45 til 56 ára
<input type="checkbox"/> Ævisafn III	8%	53%	9,0%	6,0%	24%	57 ára og eldri
<input type="checkbox"/> Skuldabréfasafn	2%	98%				
<input type="checkbox"/> Innlánasafn	100%					
<input type="checkbox"/> Ríkissafn		100%				
<input type="checkbox"/> Erlent verðb.safn			30%		70%	
*framtafsfjárfestingar eru taldar með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra						

Hlutfallstölur í ofangreindri töflu eru markmið um eignasamsetningu skv. fjárfestingarstefnu viðkomandi ávöxtunarleidda. Heimilt er að víkja frá markmiði um eignasamsetningu skv. fyrirfram ákveðnum víkmörkum í fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega og er hægt að nálgast nýjustu útgáfuna af stefnunni á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Rétthafi staðfestir að hafa kynnt sér lykilupplýsingaskjal um valda ávöxtunarleidd á heimasíðu sjóðsins með góðum fyrirvara og afþakkar um leið að fá lykilupplýsingaskjalið afhent á pappírformi. Rétthafi staðfestir jafnframt að hann hafi kynnt sér hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir hjá sjóðnum og yfirlýsingu sjóðsins um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Lesa má um stefnur og yfirlýsingar varðandi sjálfbærniáhættu á heimasíðu sjóðsins. Fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi í ofangreindum ávöxtunarleiddum taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Með undirritun minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.



Smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins



Úr samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins

10. grein. Séreignarsjóður

- 10.1 Sjóðfélögum er heimilt að greiða iðgjald í séreignarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins til viðbótartryggingaverndar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 10.2 Þeir sem vilja greiða iðgjald í séreignarsjóð skulu gera skriflegan samning við sjóðinn í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð með lögnum þar um.
- 10.3 Fé það, sem lagt er inn í séreignarsjóð í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélagi þær tekjur sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum, s.s. vegna vaxta, verðbóta, arðs eða gengishagnaðar.
- 10.4 Stjórn er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum viðbótariðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsuþryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi. Útborgun bóta samkvæmt tryggingunum fari eftir 11. grein laga nr. 129/1997 um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 10.5 Nettótekjur séreignarsjóðs skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast á sérreikning þeirra.
- 10.6 Samningi er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignarsjóðsins. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda.

11. grein. Verðbréfasöfn

- 11.1. Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í aldurstengdum verðbréfasöfnum sem eru Ævisafn I, Ævisafn II og Ævisafn III. Sjóðnum er heimilt að bjóða upp á fleiri ávöxtunarleiðir og skal móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við grein 9.1 um fjárfestingarheimildir.
- 11.2 Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna eftir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr Ævisafni I í Ævisafn II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Iðgjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafn sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafn ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.
- 11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðni um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Flutningur inneignar milli verðbréfasafna skal framkvæmdur í lok mánaðar eftir að beiðni berst, hvort sem um er að ræða flutning í einu lagi eða áföngum. Beiðni um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað sem birtur er í verðskrá á heimasíðu sjóðsins.

12. grein. Útborgun inneignar

- 12.1 Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig: Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára og a.m.k. tvö ár eru liðin frá fyrstu innborgun í séreignarsjóðinn er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta. Sjóðfélagi getur tekið út inneign sína með eingreiðslu eða valið að dreifa útborgunum á lengra tímabil.
- 12.2 Fyrirkomulag samkvæmt grein 12.1 gildir þó ekki um skilyrta inneign í séreignarsjóði sem er hluti af lágmarkstryggingavernd samkvæmt séreignarleiðinni samkvæmt samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins sem giltu fyrir 1. janúar 2006. Skilyrt inneign kemur

- 12.3 til útborgunar 70 til 79 ára. Sjóðfélögum er þó heimilt að flyta töku skilyrtrar inneignar og lengja útborgunartímann þannig að inneignin greiðist frá 65 ára aldri til 79 ára aldurs.
- 12.3 Fyrirkomulag samkvæmt grein 12.1 gildir ekki um séreign sem flutt hefur verið frá öðrum vörsluaðilum með þrengri útborgunarræglum en gilda um séreign Almenna lífeyrissjóðsins. Í þeim tilvikum gilda sömu reglur og gilda um séreignarhluta í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998.
- 12.4 Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorku-prósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
- 12.5 Við andlát sjóðfélaga, fellur inneign hans í séreignarsjóði til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttthafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga 129/1997. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélagi við andlát, sbr. reglur erfðalaga 8/1962. Aldur erfingja stýrir því í hvaða safn erfðaséreign er flutt við skiptingu. Séreignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið sbr. grein 11.3.
- 12.6 Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir kr. 1.410.100, en sú fjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 489,3 í janúar 2021. Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélagi inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum 12.2. og 12.4. eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.
- 12.7 Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta hvers mánaðar. Hægt er að óska eftir greiðslu innan mánaðarins og greiðist hún 15. dag hvers mánaðar eða næsta virka dag. Óska þarf eftir greiðslum a.m.k. 2 virkum dögum fyrir útgreiðslu.

13. grein. Skipting inneignar milli sjóðfélaga og maka

- 13.1 Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipting mála skv. a–b þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til inneignar í séreignarsjóði og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu inneignar meðan hjúskapur eða sambúð hefur staðið eða stendur:
 - a) Sjóðfélagi getur ákveðið að inneign hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og lækkar þá inneign sjóðfélagsins sem því nemur.
 - b) Að iðgjald vegna sjóðfélaga í séreignarsjóði skuli allt að hálfu renna til að mynda séreignarreikning fyrir maka hans.

14. grein. Flutningur inneignar

- 14.1 Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum sjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfsleyfi hefur eða gerir samning við annan vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skal stjórn sjóðsins þá greiða alla inneign sjóðfélagsins til annars vörsluaðila óski sjóðfélagi eftir því.
- 14.2 Endurgreiðslufjárhæðin er inneign sjóðfélaga að frágægnum kostnaði sem nemur allt að einu prósentu af inneign viðkomandi sjóðfélaga en þó aldrei minna en 5.000 kr.
- 14.3 Beiðni um flutning á inneign til annars vörsluaðila skal vera staðfest af sjóðfélagi með undirskrift. Inneign skal flutt með eingreiðslu innan 60 daga eftir að beiðni berst en þó aldrei fyrr en eftir tvo virka daga.

15. grein. Um framsöl og veðsetningu inneignar

- 15.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir



Upplýsingagjöf til nýrra sjóðfélaga

Velkomin/n í Almenna lífeyrissjóðinn

Helstu réttindi sem ávinnast með greiðslu iðgjalda til sjóðsins

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður. Lágmarksiðgjald er nú 15,5% af launum og skiptist þannig að 7% greiðast í séreignarsjóð og 8,5% í samtryggingarsjóð. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram lágmarksiðgjald) er greitt í séreignarsjóð.

Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Viðbótariðgjald er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er almennt laus til útborgunar frá 60 ára aldri en tilgreind séreign er laus frá 62 ára aldri.

Ellilífeyrir

Megintilgangurinn með því að greiða í lífeyrissjóð er að safna upp réttindum og sjóði til greiðslu ellilífeyris. Fjárhæð ellilífeyris úr samtryggingarsjóði ræðst af iðgjaldagreiðslum af starfsævinni og afkomu sjóðsins. Hægt er að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 60-80 ára en viðmiðunaráldur hjá Almenna er 70 ára. Þannig lækkar lífeyrir ef taka lífeyris hefst fyrr og á sama hátt hækkar hann ef töku lífeyris er frestað fram yfir 70 ára aldur. Ellilífeyrir úr samtryggingarsjóði er verðtrygður, breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs, og er greiddur til æviloka en fellur niður við andlát.

Áfallalífeyrir

Markmið Almenna er að veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar áfalla og stuðla að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga og aðstandenda hans við starfsorkumissi eða andlát.

- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku og verða fyrir sannanlegu tekjutapi.
- Makalífeyrir er greiddur til eftirlifandi maka að lágmarki 2,5 ár og lengur við viss skilyrði.
- Barnalífeyrir er greiddur vegna barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga.
- Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar á sjö árum ef sjóðfélagi verður 100% óvinnufær vegna örorku.

Nánar má lesa um áfallalífeyri [hér](#) og í samþykktum sjóðsins.

Réttur til lántöku

Ef þú hefur greitt sex af síðustu tólf mánuðum í skyldusparnað eða greitt 24 af síðustu 30 mánuðum í viðbótarlífeyrissparnað, ert lífeyrisþegi hjá sjóðnum og áttir lánsrétt við lífeyristöku, eða þú ert að endurfjármagna lán þitt hjá sjóðnum þá átt þú lánsrétt hjá sjóðnum. Þeir sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign eiga lánsrétt frá greiðslu fyrsta iðgjalds til sjóðsins.

Nánar má lesa um sjóðfélagalán lán hjá Almenna lífeyrissjóðnum [hér](#).

Upplýsingar um skipulag og stefnu sjóðsins

Helstu atriði samþykktu

Samþykktir Almenna lífeyrissjóðsins leggja grunn að rekstri og starfsemi sjóðsins. Í samþykktunum eru nánari ákvæði um hlutverk og stjórnskipulag sjóðsins, réttindi sjóðfélaga og aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda er háttað og nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þar er einnig kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna og framkvæmd reglubundinnar tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins. Einnig er kveðið á um hvernig staðið skuli að kjöri til stjórnar og breytingu á samþykktum sjóðsins. Eingöngu sjóðfélagar geta setið í stjórn sjóðsins og eingöngu sjóðfélagar hafa kosningarétt í stjórnarkjöri sjóðsins. Ársfundur og sjóðfélagafundur hafa vald til að gera breytingar á samþykktum sjóðsins.

[Hér](#) má lesa samþykktir sjóðsins.

Fjárfestingarstefna og aðrar stefnur sjóðsins

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkir [fjárfestingarstefnu](#) í lok hvers árs fyrir komandi ár. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega ávöxtun verðbréfa og samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleiðir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kaflar um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig fylgja reglur um lán til sjóðfélaga, stefna Almenna um ábyrgar fjárfestingar, eigendastefna Almenna og útdráttur úr Eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóðsins. Stjórn sjóðsins samþykkir stefnu um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefnu sérstaklega ár hvert, en þær skoðast sem fylgiskjöl með fjárfestingarstefnu.

Ávöxtunarleiðir

Samtryggingarsjóður ávaxtar fé sjóðfélaga í sérgreindu verðbréfasafni og er markmið þess langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum, skuldabréfum og innlánnum. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði, aldurssamsetningu sjóðfélaga og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða í samræmi við aldur eða valið ávöxtunarleið eftir áhættuþoli. Einnig er hægt að velja Ævileiðina en þá flyst inneign á milli verðbréfasafna með það fyrir augum að draga úr vægi hlutabréfa og minnka áhættu eftir því sem nær dregur starfslokum.

- Ævisafn I (16-44 ára)
- Ævisafn II (45-56 ára)
- Ævisafn III (57 ára og eldri)
- Innlánasafn
- Ríkissafn
- Skuldabréfasafn
- Erlent verðbréfasafn

Tilgreind séreign er greidd í ávöxtunarleiðir sem uppfylla skilyrði lágmarkstryggingaverndar, þ.e. Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn og Skuldabréfasafn.

Nánar má lesa um [ávöxtunarleiðir hér](#).